

AUGLÝSING

**um breytingu á aðalskipulagi Seyðisfjarðar
vegna efnistökusvæðis í Stafdal, Múlaþingi.**

Skipulagsstofnun staðfesti 4. janúar 2022 breytingu á aðalskipulagi Seyðisfjarðar 2010-2030 sem samþykkt var í sveitarstjórn Múlaþings 13. október 2021.

Í breytingunni felst að efnistökusvæði í Stafdal í Seyðisfirði er skilgreint. Fyrirhugað er að nýta allt að 45.000 m³ af efni af svæðinu sem nær yfir 9.000 m². Efnið verður m.a. notað í sjóvarnargarð við Seyðisfjörð og önnur verkefni innan sveitarfélagsins.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 4. janúar 2022.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

B-deild – Útgáfudagur: 18. janúar 2022